*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 143/1711*
*komudagur 29.4.2014*

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 2014

Efni: **Þingskjal 832 — 481. mál.**: **Frumvarp til laga um örnefni.**

Íslensk málnefnd hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um örnefni. Hún fagnar þessum áfanga þar sem löngu er tímabært að endurskoða örnefnalögin. Hún telur þau vel samin og til mikilla bóta.

Málnefndin vill sérstaklega taka undir 4. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að Íslensk málnefnd tilnefni einn fulltrúa í örnefnanefnd. Hún hafði áður áheyrnarfulltrúa en þessi tillaga er mun eðlilegri og í samræmi við hlutverk Íslenskrar málnefndar.

Virðingarfyllst,

Guðrún Kvaran,

formaður Íslenskrar málnefndar